

1990 nr. 45 16. maí**Lög um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð**

Tóku gildi 22. maí 1990. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að fela hlutafélagi, sem stofnað er yfir í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma.

■ 2. gr.

□ Nánari ákvæði um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði, sem þurfa þykir, skulu vera í samningi sem [ráðherra]¹⁾ gerir við framkvæmdaaðila. Slíkur samningur öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis.

¹⁾ L. 126/2011, 140. gr.

■ 3. gr.

□ Til að bera kostnað af framkvæmdum og rekstri sam-

kvæmt lögum þessum skal hlutafélagi skv. 1. gr. heimilt að taka umferðargjald af vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð enda liggi fyrir samningar við [ráðherra]¹⁾ um verkefnið og rétt til gjaldtökunnar.

¹⁾ L. 162/2010, 210. gr.

■ 4. gr.

□ [Samgöngustofa]¹⁾ skal hafa eftirlit með að gerð og rekstur mannvirkja samkvæmt lögum þessum sé á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi [Samgöngustofu]¹⁾ skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar úrbætur innan hæfilegs frests.

¹⁾ L. 59/2013, 6. gr.

■ 5. gr.

□ Þegar vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð er lokið skal vegurinn teljast til þjóðvega samkvæmt ákvæðum vegalaga með þeim undantekningum sem lög þessi ákveða. Ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og efni sem þörf verður á vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast [Samgöngustofu]¹⁾ eignarnám samkvæmt X. kafla vegalaga.

¹⁾ L. 59/2013, 6. gr.

■ 6. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.